

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands Haldin á Daðastöðum 23. ágúst 2008

Mættir voru: Lárus, Sigurður, Marsibil, Kristín, Ásta, Sigurlína, Sverrir, Gunnar G, Halldór, Hilmar, Þorvarður og Kristján Ingi. Gunnar E og Elísabet mættu undir lok fundar. Hilmar setti fundinn. Lárus kosinn fundarstjóri og Kristján Ingi ritari.

1. Inntaka nýrra félaga Þórarinn Pétursson í Laufási óskar eftir inngöngu í félagið. Yfirfara þarf félagatal. Margir óvirkir félagsmenn.

2. Skýrsla stjórnar Hilmar flutti skýrslu stjórnar. Þar kom fram að ekki margt hefur gerst. Stjórnin hefur komið að undirbúningi landsmóta og eins var útbúinn kynningarbæklingur til að kynna félagið við ýmis tækifæri, td. á Búnaðarsýningunni. Umræður spunnust um aðkomu félagsins að þeirri sýningu. Hilmar sagði að ekki hefði verið beðið um aðkomu SFÍ að Búnaðarsýningunni. Fjárhundadeild Hundaræktarfélagsins kom að sýningunni. Sýning sú sem Svanur var með var á vegum Jötunn véla. Í framhaldinu spunnust töluverðar umræður um þessi tvö félög.

3. Skýrsla gjaldkera Gjaldkeri var ekki mættur og er hún gengin úr félaginu. Hilmar sagði frá því helsta sem féll að skýrslu gjaldkera. Engar upplýsingar eru frá gjaldkera á þessu ári. Samþykkt var yfirlit frá í fyrra en reikningar höfðu ekki verið yfirfarnir af skoðunarmanni fyrir aðalfund 2007 og voru þá samþykktir með fyrirvara. Lítið hefur í raun breyst á milli ára. Engir reikningar voru sendir út fyrir félagsgjöldum. Útgjöld voru styrkur til Snæfellsdeildar.

4. Stjórnarkjör Eins segir í 3. lið er gjaldkeri gengin úr félaginu. Gunnar Guðmunds er tilbúinn að taka að sér starf gjaldkera til næsta aðalfundar, en þá á að kjósa um gjaldkera. Að þessu sinni átti að kjósa um ritara í stjórn. Sverrir Möller hlaut flest atkvæði. Aðrir sem fengu atkvæði voru Marsibil og Sigurlína. Sverrir og Gunnar G voru varamenn og þurfti því að kjósa nýja þar sem þeir voru báðir komnir í stjórn. Marsibil Erlendsdóttir og Ásta Einarsdóttir voru kosnar einróma sem varamenn. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Lárus Sigurðsson og Elísabet Gunnarsdóttir

5. Lagabreytingar Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Önnur mál

- Vefsíða. Hýsing heimasíðunnar kostar félagið 17.000 á ári. Hýsing á 123.is léni eins og Snæfellsdeild er með kostar aðeins 3000 á ári. Þess virði að skoða þar sem tekjur félagsins eru litlar. Stjórn og Kristín ætla að skoða málið
- Kristín hefur tekið að sér ættbókarskráningar.
- Rætt um að skipa í nefndir sem sæu um Landskeppni. Engin ákvörðun tekin í því sambandi.
- Hugmyndir um Lógo fyrir félagið. Ákveðið að nota útlínmynd Wiston Cap og útlínur Íslands í bakgrunni. Fundurinn fól Gunnari G nánari útfærslu.
- Rætt var um að fá erlendan þjálfara til að koma næsta sumar, ekki seint að hausti eins og áður.
- Rætt um sýnileika félagsins í sambandi við styrki og auglýsingar.
- Stefnt á að landskeppni næsta árs verði haldin á Suðurlandi. Mikilvægt að tímasetning sé ljós nógu snemma. Stefnt að því að keppnin verði haldin á svipuðum tíma að ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið
Kristján Ingi Jónsson